

Mál nr. 213/2012**M****og****Vátryggingafélagið V vegna slysátryggingar sjómanna****Sjómaður slasaðist við stökk ofan af tanki þ. 15.10.2010****Gögn.**

- 1) Málskot, móttakið 3.6.2013, ásamt fylgiskjölum
- 2) Bréf V dags. 10.6.2013

Málsatvik.

M var að störfum um borð í skipi þann 15.10.2010 en skipið var þá bundið við bryggju. Hann var að vinna við að dæla úrgangsolíu af soratanki skipsins á soratank. Tankurinn var á bryggjunni og klifraði M upp á hann til að kanna hve mikið pláss væri eftir fyrir úrgangsolíu Þegar hann var að fara niður af tanknum stökk hann niður á „studarann“ og lenti á hægri fæti. Fékk við það slink á hnéð. Í málskotinu kemur fram að hann telji líklegast að það hafi komist olíudrulla á sólann á skónum og því hafi hann runnið til og fengið þennan slink á hnéð.

Atvikið er skráð í skipsbók með þessum orðum: „Þegar M var að aðstoða við að tengja olíuslöngu frá olíubíl og stökk af stigbretti bílsins kom högg á hægri fót M. Leiddi það upp í hné og kenndi hann til í hné hægri fótar þegar frá leið.“ Í áverkavottorði Tryggingastofnunar ríkisins er lýsingin á atburðinum svohljóðandi: „stökk niður af olíubíl og fékk áverka á hæ hnélið.“ Í tilkynningu um atvikið til Sjúkrátrygginga Íslands segir: „M var að tengja olíuslöngu skipsins við olíubíl uppá bryggju. Stökk M af stigbretti bílsins og fékk við lendinguna eymsli í h. hné. M hélt áfram vinnu.“

Í athugasemdum V frá 10. júní 2013 kemur fram að félagið telji ósannað að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslunum. Hvergi hafi verið getið um að hann hafi runnið til og fengið slink á hnéð. Það sé atvikalýsing sem M gefi upp eftir að félagið hafnaði bótaskyldu og því verði sú lýsing ekki lögð til grundvallar.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn liggur ekki fyrir að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum M og á hann því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.